

Alþingi
Erindi nr. P 137/699
komudagur 7.8.2009



Heilbrigðisnefnd Alþingis,
Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 2009.
1B2.

Efni: Umsögn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, þskj. 142 – 113. mál.

Með bréfi dags. 30. júní sl. sendi Heilbrigðisnefnd Alþingis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn til umsagnar. Framkvæmdastjórn stofnunarinnar hefur fjallað um frumvarpið og fylgir hér á eftir umsögn hennar um það.

Í heildina séð eru markmið frumvarpsins skýr. Sú samræming og einföldun sem verða mun á gildandi ákvæðum um heilbrigðisstarfsmenn er til mikilla bóta. Fagna ber brottfellingu ónauðsynlegra takmarkana á starfssviði heilbrigðisstétta, enda nauðsynlegt, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu og umsögn fjármálaráðuneytis, að færa þau til nútímahorfs þannig að heilbrigðisþjónustan og störf og starfsvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti.

Hér á eftir fylgja ábendingar og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Kveða þarf á um hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að starfsemi geti flokkast undir heilbrigðisstétt, þ.e.a.s hvaða fræðilegu forsendur þurfi að vera til staðar. Nánar útfært að vísindalegur þekkingargrunnur skuli sóttur til hefðbundinna rannsókna í læknisfræði, undirstöðugreinum hennar og tengdum greinum og/eða að um sé að ræða stoðstéttir sem þjóna hinum vísindalega menntuðu starfsstéttum. Lögín þyrftu að ná, ekki aðeins yfir heilbrigðisstarfsmenn, heldur einnig forsendur þess að stétt geti flokkast undir heilbrigðisstétt.

13. gr.

Í 4. mgr. Segir: „..... ef ætla má að hann sé hæfari til að veita honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.“ Þetta er óheppilegt orðalag og hægt að hártoga og færi því betur á að segja eitthvað á þessa leið: „..... ef hann telur sig ekki geta veitt honum fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.“

19. gr.

Í 2. mgr. segir að heilbrigðisstarfsmönnun sé skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er þeir annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna samskipta sjúklings við hið opinbera. Upp hafa komið tilvik, þegar lækningar hafa gert Sjúkratryggingum Íslands (áður Tryggingastofnun ríkisins) vottorð og krafist greiðslna fyrir, að slíkum greiðslum hafi verið hafnað. Þar sem þessi skylda hvílir á heilbrigðisstarfsmönnum er rétt að taka fram hvort greiðsla komi fyrir vottorðin eða ekki. Til samanburðar má nefna að samkvæmt 44. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002 hvílir svipuð skylda á heilbrigðisstarfsfólki gagnvart barnaverndaryfirvöldum en þar er ótvírætt að upplýsingarnar skulu veittar endurgjaldslaust.

26. gr.

Í frumvarpinu segir að heilbrigðisstarfsmenn megi ekki reka eigin starfsstofur eftir 70 ára aldur nema með tímabundnum undanþágum landlæknis. Hins vegar er ekkert sem hindrar þá í að starfa að grein sinni á annarra starfsstofum eftir að þessum aldri er náð og alveg án afskipta landlæknis. Hvort á greinin að taka á getu manna til að stunda rekstur eða til faglegra vinnubragða?

Virðingarfyllt,
h.f. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Svanhvit Jakóbsdóttir,
forstjóri